

**IcelandSIF**  
Ársreikningur  
2023

IcelandSIF  
Smáratorgi 3  
201 Kópavogi  
kt. 461217-1330

# IcelandSIF

## Ársreikningur

### 2023

#### **Efnisyfirlit**

|                                     |     |
|-------------------------------------|-----|
| Fagleg aðstoð við gerð ársreiknings | 2   |
| Skýrsla stjórnar                    | 3-4 |
| Rekstrarreikningur                  | 5   |
| Efnahagsreikningur                  | 6   |
| Yfirlit um sjóðstreymi              | 7   |
| Skýringar                           | 8   |
| Sundurliðanir                       | 9   |

# Fagleg aðstoð við gerð ársreiknings

## Til stjórnar IcelandSIF

Við höfum veitt faglega aðstoð við gerð ársreiknings ársins 2023 fyrir IcelandSIF byggt á þeim upplýsingum sem stjórnendur félagsins hafa lagt fram. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar.

Við höfum skipulagt og hagað vinnu okkar í samræmi við við alþjóðlegan staðal, ISRS 4410, sem fjallar um faglega aðstoð við gerð ársreiknings.

Við höfum notað faglega þekkingu okkar á sviði reikningsskila og ársreikningagerðar að því markmiði að aðstoða fyrirtækið við að leggja fram ársreikning í samræmi við lög um ársreikninga. Við höfum fylgt fyrirmælum síðareglna, þar á meðal grundvallarreglunum um heilindi, hlutlægni og faglega hæfni og varkárni.

## Ábyrgð stjórnar á ársreikningnum

Ársreikningur og þær upplýsingar sem koma fram í honum eru á ábyrgð stjórnar. Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi félagsins og öðrum upplýsingum stjórnenda félagsins.

Þar sem fagleg aðstoð við gerð ársreiknings er ekki staðfestingarverkefni er þess ekki krafist af okkur að staðfesta nákvæmni eða heild þeirra upplýsinga sem stjórnendur hafa lagt fram. Þar af leiðandi veitum við hvorki álit byggt á endurskoðun né ályktun byggða á könnun um hvort ársreikningurinn sé gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Kópavogi, / 2024

**Deloitte ehf.**

Signý Magnúsdóttir  
endurskoðandi

# Skýrsla stjórnar

Ársreikningur IcelandSIF fyrir árið 2023 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Endurskoðandi samtakanna er Deloitte ehf. en reikningurinn er ekki endurskoðaður eða kannaður. KPMG sér um bókhald samtakanna.

IcelandSIF eru félagasamtök þar sem tilgangurinn er að efla þekkingu fjárfesta á og auka umræðu um aðferðafræði sjálfbærra og ábyrgra fjárfestinga. Samtökunum er ætlað að vera óháður vettvangur fyrir umræðu og fræðslu um efnið.

Stjórn samtakanna skipa Anna Þórdís Rafnsdóttir frá Kviku, sem er formaður stjórnar, Eyrún Anna Einarsdóttir frá Landsbankanum, sem er varaformaður stjórnar, Arne Vagn Olsen frá Lífeyrissjóði verslunarmanna, Reynir Smári Atlason frá Creditinfo, Halla Kristjánsdóttir frá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, Kristín Halldórsdóttir frá Íslandsbanka og Arnar Sveinn Harðarson frá Logos sem er ritari.

Þrír vinnuhópar starfa á vegum stjórnarinnar, fræðslu- og upplýsingahópur, lögfræðihópur og miðlunarhópur. Frekari upplýsingar um vinnuhópa má nálgast á heimasíðu samtakanna [www.icelandsif.is](http://www.icelandsif.is)

## Starfsemin á árinu

|  |           |
|--|-----------|
| Hagnaður félagsins á árinu samkvæmt rekstrarreikningi nam..... | 8.132.903 |
| Eignir félagsins í árslok samkvæmt efnahagsreikningi námu..... | 9.968.322 |
| Bókfært eigið fé í árslok samkvæmt efnahagsreikningi nam.....  | 9.889.446 |

Haldnir voru fjöldi áhugaverðra viðburða á vegum IcelandSIF á árinu og voru þeir sérstaklega vel sóttir af félagsmönnum. Erlendir og innlendir sérfræðingar voru fengnir til að tala á viðburðum og miðla af reynslu sinni. Meðal ráðstefna má nefna eina um innleiðingu UFS þátta og loftslagsáhættu í eignasófn, sem haldin var í húsakynnum Landsbankans, og aðra um ESG lögsóknir og ábyrgð stjórnenda, sem haldin var í sal Hilton Reykjavík Nordica. Fjöldi rafræna fjarfunda voru jafnframt haldnir á árinu sem voru vel heppnaðir og hafa samtökin safnað upptökum af slíkum viðburðum og birt á vefmiðlum. Þar á meðal má nefna viðburð um upplýsingaskyldur fjármálafyrirtækja á grundvelli flokkunarreglugerðar Evrópusambandsins (e. EU Taxonomy Regulation) og viðburð um áhrif CSRD tilskipunar Evrópusambandsins (e. Corporate Sustainability Reporting Directive) á fjárfesta og fjármálafyrirtæki. Gott samstarf við systur samtök á hinum Norðurlöndunum heldur áfram og njóta félagsmenn IcelandSIF góðs af því með boðum á valda rafræna fundi systur samtakanna og á hina árlegu NordicSIF ráðstefnu. Þá fór fram öflugt starf í vinnuhópum samtakanna. Lögfræðihópurinn vann meðal annars áfram að því að birta samandregna fræðslu um nýjar sjálfbærnilöggjafir Evrópusambandsins við góðar undirtektir. Ítarlegri upplýsingar um fundi, fræðslu og viðburði ársins má nálgast á heimasíðu IcelandSIF.

## Félagsaðilar

Samtökin voru stofnuð 13. nóvember 2017 með þátttöku 23 stofnaðila. Síðan þá hafa 26 aðilar bæst í hópinn og í árslok 2023 voru 46 aðilar að samtökunum en við undirritun ársreiknings þessa eru aðilarnir 49. Hópurinn skipa lífeyrissjóðir, bankar, tryggingarfélag, rekstrarfélag, eignastýringarfyrirtæki og aðrir aðilar.

# Skýrsla stjórnar

## Yfirlýsing stjórnar

Það er álit stjórnar IcelandSIF að í ársreikningi þessum komi fram allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu samtakanna í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu. Stjórn IcelandSIF staðfestir hér með ársreikning samtakanna fyrir árið 2023 með undirritun sinni.

Reykjavík, / 2024

## Í stjórn

Anna Þórdís Rafnsdóttir  
stjórnarformaður

Eyrún Anna Einarsdóttir  
varaformaður stjórnar

Reynir Smári Atlason

Kristín Halldórsdóttir

Arne Vagn Olsen

Halla Kristjánsdóttir

Arnar Sveinn Harðarson

## Rekstrarreikningur ársins 2023

|  | Skýr. | 2023             | 2022                |
|--|-------|------------------|---------------------|
| Félagsgjöld .....                          |       | 11.762.500       | 11.537.225          |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .....   |       | (3.713.778)      | (24.449.476)        |
| <b>Rekstrarhagnaður (tap) fyrir skatta</b> |       | <b>8.048.722</b> | <b>(12.912.251)</b> |
| Fjármunatekjur .....                       |       | 100.710          | 29.201              |
| Fjármagnsgjöld .....                       |       | (16.529)         | (6.424)             |
|  |       | <b>84.181</b>    | <b>22.777</b>       |
| <b>Hagnaður (tap) ársins</b>               |       | <b>8.132.903</b> | <b>(12.889.474)</b> |

## Efnahagsreikningur 31. desember 2023

| <b>Eignir</b>                   | <b>Skýr.</b> | <b>31.12.2023</b> | <b>31.12.2022</b> |
|---------------------------------|--------------|-------------------|-------------------|
| <b>Veltufjármunir</b>           |              |                   |                   |
| Kröfur vegna félagsgjalda ..... | 2            | 337.500           | 75.000            |
| Handbært fé .....               | 2            | 9.630.822         | 1.724.122         |
| <b>Eignir</b>                   |              | <u>9.968.322</u>  | <u>1.799.122</u>  |
| <b>Eigið fé og skuldir</b>      |              |                   |                   |
| <b>Eigið fé</b>                 |              |                   |                   |
| Óráðstafað eigið fé .....       |              | 9.889.446         | 1.756.543         |
| <b>Eigið fé</b>                 | 3            | <u>9.889.446</u>  | <u>1.756.543</u>  |
| <b>Skammtímaskuldir</b>         |              |                   |                   |
| Viðskiptaskuldir .....          | 4            | 78.876            | 42.579            |
|                                 |              | <u>78.876</u>     | <u>42.579</u>     |
| <b>Skuldir</b>                  |              | <u>78.876</u>     | <u>42.579</u>     |
| <b>Eigið fé og skuldir</b>      |              | <u>9.968.322</u>  | <u>1.799.122</u>  |

## Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2023

|  | Skýr. | 2023                    | 2022                    |
|--|-------|-------------------------|-------------------------|
| <b>Rekstrarhreyfingar</b>                                |       |                         |                         |
| Rekstrarhagnaður (-tap) fyrir skatta .....               |       | 8.048.722               | (12.912.251)            |
| <b>Veltufé frá (til) rekstrar án vaxta og skatta</b>     |       | <u>8.048.722</u>        | <u>(12.912.251)</u>     |
| Rekstartengdar eignir, hækkun .....                      | 2     | (262.500)               | (75.000)                |
| Rekstartengdar skuldir, hækkun, (lækkun) .....           | 4     | 36.297                  | (2.370.363)             |
| <b>Handbært fé frá (til) rekstrar án vaxta og skatta</b> |       | <u>7.822.519</u>        | <u>(15.357.614)</u>     |
| Innborgaðir vextir .....                                 |       | 100.710                 | 29.201                  |
| Greiddir vextir .....                                    |       | <u>(16.529)</u>         | <u>(6.424)</u>          |
| <b>Handbært fé frá (til) rekstrar</b>                    |       | <u>7.906.700</u>        | <u>(15.334.837)</u>     |
| Hækkun, (lækkun) handbærs fjár .....                     |       | 7.906.700               | (15.334.837)            |
| Handbært fé í upphafi árs .....                          |       | <u>1.724.122</u>        | <u>17.058.959</u>       |
| Handbært fé í lok árs .....                              |       | <u><u>9.630.822</u></u> | <u><u>1.724.122</u></u> |



# Skýringar

## 1. Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur IcelandSIF fyrir árið 2023 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

## 2. Aðrar peningalegar eignir

### Kröfur vegna félagsgjalda / stofngjalda

|                                 | <u>31.12.2023</u> | <u>31.12.2022</u> |
|---------------------------------|-------------------|-------------------|
| Kröfur vegna félagsgjalda ..... | 337.500           | 75.000            |
|                                 | <u>337.500</u>    | <u>75.000</u>     |

### Handbært fé

Handbært fé félagsins samanstendur af óbundnum bankainnstæðum.

|  | <u>31.12.2023</u> | <u>31.12.2022</u> |
|--|-------------------|-------------------|
| Óbundnar bankainnstæður í íslenskum krónum ..... | 9.630.822         | 1.724.122         |
|  | <u>9.630.822</u>  | <u>1.724.122</u>  |

## 3. Eigið fé

Eigið fé greinist þannig:

|                           | <u>Eigið fé</u>  |
|---------------------------|------------------|
| Eigið fé 1.1.2023 .....   | 1.756.543        |
| Hagnaður ársins .....     | <u>8.132.903</u> |
| Eigið fé 31.12.2023 ..... | <u>9.889.446</u> |

## 4. Aðrar peningalegar skuldir

### Viðskiptaskuldir

|                                  | <u>31.12.2023</u> | <u>31.12.2022</u> |
|----------------------------------|-------------------|-------------------|
| Innlendar viðskiptaskuldir ..... | 78.876            | 42.579            |
|                                  | <u>78.876</u>     | <u>42.579</u>     |

# Sundurliðanir

|   | <u>2023</u>       | <u>2022</u>       |
|---|-------------------|-------------------|
| <b>Rekstrartekjur</b>                         |                   |                   |
| Félagsgjöld .....                             | 11.762.500        | 11.537.225        |
|   | <u>11.762.500</u> | <u>11.537.225</u> |
| <br><b>Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður</b> |                   |                   |
| Fundir og viðburðir .....                     | 1.415.111         | 14.913.304        |
| Rekstur tölvukerfis .....                     | 761.935           | 880.204           |
| Bókhald og reikningsskil .....                | 1.286.528         | 974.958           |
| Þjónustugjöld .....                           | 0                 | 19.169            |
| Markaðskostnaður .....                        | 250.204           | 7.661.841         |
|   | <u>3.713.778</u>  | <u>24.449.476</u> |